

Elstu verminjar á Norðurlöndum eða býli írskra múnka?

Hjá Gufuskálum á Snæfellsnesi er að finna á annað hundrað fiskibyrgi frá 14. öld sem flestir telja vera elstu verminjar á Norðurlöndum. Aðrir vilja trúna því að þarna hafi írskir munkar hafst við fyrir komu norrænna manna.

Fyrir ofan Gufuskála á Snæfellsnesi breiðir hraunbreiðan úr sér og við fyrstu sýn virðist hún ekki frábrugðin öðrum hraunbreiðum landsins. En þegar að er gætt má sjá undarlega hrauka, sem gætu verið hraungrýti sem rís upp úr sjálfu hrauninu en reynast við nánari athugun vera byrgi. Þau eru hlaðin úr hraungrýti fyrir um það bil sex öldum. Fiskibyrgin í Bæjarhrauni eru elstu fornminjar Íslands og sögð vera elstu verminjar á Norðurlöndum.



Séu byrgin á Gufuskálum fiskibyrgi þá er ljóst að þarna hefur verið mikil útgerð fram eftir öldum og margt um manninn í Bæjarhrauni. Ef við gefum okkur að byrgin hafi verið hátt í tvö hundruð og að flestir bátar hafi verið áttæringar, þá hafa vel á annað þúsund manns verið þarna í veri á vertíðum. Flestir hallast að því að hver bátur hafi aðeins átt eitt byrgi eða í hæsta lagi tvö. Afli áttæringa á þessum tíma var ekki meiri en svo að eitt byrgi dugði. Byrgin voru notuð til að geyma og fullherða fisk. Fiskurinn mun fyrst hafa verið forpurkaður á gördum, en síðan fluttur í byrgin og staflað þar upp.

Þó byrgin séu misstór eru þau lík að gerð. Stærstu byrgin eru rúmur tveir metrar á lengd og rúmur metri á breidd með dyr á enda sem eru mjög lágar þannig að skríða verður inn í þau. Nokkur byrgi eru eins og tvöföld að gerð,

vegghleðsla er þvert yfir miðju og dyr á báðum enda. Öll hafa byrgin pall sem er í öðrum enda þeirra en enginn veit til hvers hann var notaður.


Írskir múnkar

Þó fornleifa- og sagnfræðingar vilji almennt halda því fram að á byrgin á Gufuskálum séu fiskibyrgi þá eru aðrir sem standa á því fastar en fótunum að byrgin séu gamall dvalarstaður írskra múnka. Því til sönnunar benda þeir á örnefni og kennileiti sem hafa írsk heiti. Í túninu er Írskrabrunnur. Hann var vatnsból Gufuskála en hvarf undir sand þegar búskap þar var hætt um 1940. Um 1989 fannst Írskrabrunnur aftur, þegar dóttursonur síðustu ábúenda á Gufuskálum vitjaði æskustöðvanna. Eftir ábendingu hans grófu menn sig niður sextán þrep og á hvalbeinið, sem lagt var yfir munna brunnsins.

Ofan vegar, vestur af Gerðubergi, eru rústir Írskrabúða. Rannsóknir sýna að þarna er landnámsbýli, sem hefur farið í eyði á 10. öld. Þriðja örnefnið er Íraklettur sem er rúst á sjávarbakkanum. Það telja sumir vera rúst írskar bænastaðar, eins og reyndar öll byrgin og oft er bent á að byrgin séu áþekk bænabyrgjum, sem varðveist hafa á Norðvestur-Írlandi og eyjunum þar út af.

Lúðvík Kristjánsson segir í Íslenskum sjávarhátum að vegna uppblásturs og sandfoks hafi menn orðið að koma fiskinum í byrgi fjarri verstöðinni. Slík fiskibyrgi eru í Vestmannaeyjum, á Suðurnesjum og Snæfellsnesi, en hvergi eru minjarnar eins miklar og á Gufuskálum.

Þessar elstu verminjar á Norðurlöndum hafa látið mjög á sjá í aldanna rás og er lítið sinnt. Byrgin eru friðlýst og í umsjá Fornleifaverndar ríkisins sem, þrátt fyrir góðæri og útrásarauð síðustu áratuga, hefur löngum haft lítið fé handa á milli. Menningararfurinn á Gufuskálum heldur því áfram að grotna niður rétt eins og annar menningararfur víða við strendur landsins sem vernda mætti með því að nýta hann til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. (SA)



Fréttabréf

Íslenska Vitafélagsins

Félags um íslenska strandmenningu 1. tbl. 2011



Nú þegar dag er tekið að lengja og vorið bíður handan horns vaknar í okkur sjómaðurinn og löngun til að komast út á sjó eða niður að strönd. Dagskrá Íslenska vitafélagsins – félags um íslenska strandmenningu færast einnig út fyrir dýrnar – í átt til hafs.

Aðalfundur félagsins er næst á dagskrá og verður haldinn laugardaginn í **Haukshúsi á Álftanesi laugardaginn 12. mars 2011 kl. 12.** Allir sem áhuga hafa á stjórnarsetu eða langar að koma að uppbyggingu félagsins á einn eða annan hátt eru vinsamlegast beðin að hafa samband við formann félagsins í síma 695 1266. Að loknum aðalfundarstörfum klukkan 13:00 verður farið í gönguferð um nágrenni Jörva og Hvols, minjar úr síðari heimsstyrjöldinni skoðaðar, Bessastaðatjörn og Skansinn sem er vel þekktur úr Tyrkjaráninu.

Laugardaginn 26. mars sækjum við Grindavík heim. Heimamenn ásamt Jóni Þ. Þór, sagnfræðingi og Agnesi Stefánsdóttur, fornleifafræðingi fræða okkur um sögu þessa mikla útgerðabæjar og fornminjarnar á Selatanga.

Helgina 17. – 18. apríl er vorferð félagsins á dagskrá. Að þessu sinni er förinni heitið að Gufuskálum á Snæfellsnes til að skoða elstu verminjar á Norðurlöndum undir leiðsögn heimamanna. Ráðgert er að fara í rútu að morgni laugardags, gista á Hótel Hellissandi og koma til baka á sunnudag. Á Hellissandi tekur Skúli Alexandersson á mótí hópnum og fræðir okkur um fiskibyrgin og útgerðasögu á Hellissandi og Rífi.

Norræna strandmenningarhátíðin, sem í ár gengur undir nafninu Sail Húsavík, verður á Norðurlandi 16. – 23. júlí með aðalbækistöðvar á Húsavík. Dagskráin mun þó teygja anga sína allt frá Þórshöfn til Siglufjarðar og kannski víðar. Við hvetjum ykkur eindregið til að fylgjast með dagskrá og dagskrárbreytingum á www.sailhusavik.is og á síðu okkar www.vitafelagid.com og einnig til þátttöku í hátíðarhöldunum.

Fósturbarnið Garðskagaviti

Á ystu nöf Garðskaga stendur gamli vitinn sem byggður var árið 1897 og hannaður af starfsmönnum dönsku vitamálastofnunarinnar. Notkun vitans var hætt haustið 1944 þegar yngri Garðskagavitinn var tekinn í notkun. Vitinn er friðaður en ljóshúsið er búið að fjarlægja og því er ásýnd hans heldur dapurleg. Eins og hauslaust gamalmenni stendur hann á mörkum lands og sjávar og bíður örlaga sinna. Í samvinnu við bæjaryfirvöld í Garðinum hefur Íslenska vitafélagið – félag um íslenska strandmenningu nú ákveðið að taka hann í fóstur og reyna að koma á hann ljóshúsinu þannig að hann öðlist þá virðingu sem honum ber.

Stjórn Íslenska vitafélagsins – félags um íslenska strandmenningu þakkar góða mætingu á fræðslukvöld og hvetur félagsmenn eindregið til að hafa samband og koma með óskir um dagskrá fyrir næsta vetur.

Ritstjórn: Sigrún Klara Hannesdóttir og Sigurbjörg Árnadóttir

Frásögn af byggingu Selskersvita

Margar magnaðar sögur eru til um byggingu þeirra vita sem reistir hafa verið á erfiðustu skerjum og eyjum hringinn í kringum landið. Einn af þessum vitum er Selskersviti en Selsker er smáeyja eða eyðisker úti fyrir Ófeigsfirði á Ströndum sem er aðeins 100 metrar að lengd og 40-50 metra á breidd og stendur einungis um þrjá metrar upp úr sjó.

Bygging vitans hófst í byrjun júní 1943 og aðeins tveimur mánuðum seinna, í ágústbyrjun, hafði vinnuflokkurinn lokið við að steypa upp vitann og ganga frá honum að öllu öðru leyti en því, að hann vantaði ljóstæki og ljóshús sem ekki fengust fyrr en þremur árum seinna. Vitinn er mikið mannvirki, því neðst er sex metra hár stallur þar sem veggþykktin er um tveir metrar og þar ofan á um níu metra hár turn. Alls er því vitinn um 15 metra hár undir ljósker. Á meðan á byggingu vitans stóð bjó vinnuflokkurinn um sig í skerinu og bjó í tjöldum á tréþalli eins og jafnan var gert þar sem aðstæður leyfðu. (Vitar á Íslandi, s. 99).

Gamli Hermóður var notaður til að flytja efni frá Hólavík út í Selsker og var efnið, sandur, sement og mól, sett í poka og þeir sem unni við að reisa vitann báru efnið á bakinu upp á pallinn þar sem steypan var hræð. Voru það hraustir menn, aðallega úr Skagafirði, undir verkstjórn Sigurðar Péturssonar. Vitabygging við þessar aðstæður var mikið nið á þeim sem að þessari vinnu stóðu og ekki á færi nema allra hraustustu manna.

Til er greinaflokkur sem Kristján Bersi Ólafsson skrifaði árið 1964 og heitir „Umhverfis landið með vitaskipinu Árvakri.“ Þar er m.a. frásögn Kristjáns af byggingu Selskersvita (Sunnudagsblað Tímans, 30, s. 701-2) og fer sú frásögn hér á eftir.

„Veggir hans eru svo þykkir neðst, að þegar hann var byggður...var hjólbörum ekið inn í mótunum og rúm þar nægilegt til að mætast með flutningatækin. Enda mun ekki vanþörf á, að sá viti sé traustur, því á honum brýtur brimaldan mest allan veturinn. Skerið er nefnilega svo lágt, að yfir það gefur ef eitthvað er að sjó. Þegar við komum þangað þennan sólfagra og kyrra vordag, virtist sjór með öllu dauður en þegar við vorum komnir á bátum að skerinu, reyndist þar talsverður súgur, og mér er nær að halda, að við þær sægnúðu klappir, sem skerið er gert af, sé aldrei draglaust með öll. Það var í Selskeri sem sagt er, að Sigurður heitinn Pétursson verkstjóri hafi bjargað mönnum sínum með forspá sumarið sem vitinn var byggður þar. Hann og menn hans bjuggu í skúr á skerinu, en eitt sinn er liðið var á sumarið gerði brælu talsverða og tók þá fljótt að gefa á skerið. Vitamennirnir létu það þó ekkert á sig fá og voru rólegir í skúrnum sem var vel njörvaður niður. En eina nóttina gerðist það, að Sigurður reis á fætur vakti alla og skipaði þeim að flytja sig og allt sitt hafurtask yfir í vitann, sem þá var nær fullgerður. Þeir létu að orðum hans, þótt þeir teldu það reyndar óþarfa, en ekki voru þeir búnir að vera lengi í vitanum þegar þeir sáu festingar skúrsins rofna og hann síðan skyndilega renna til og hverfa í hafið. Var það haft fyrir satt, að Sigurð hefði dreymt fyrir þessu og því skipað mönnum í vitann í tíma. Og sú er trú ýmissa gamalla vitamanna, að þetta hafi ekki verið í eina skiptið sem Sigurður heitinn vissi fyrir þá hluti sem öðrum voru huldur.“ (SKH)



Selskersviti er talinn einn sterkbyggðasti viti landsins og stendur hátt og fallega í sínu umhverfi.

Ljóðum skreyttir vitar

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er eini þjóðgarður landsins sem liggur að sjó. Meðfram ströndinni eru minjar um byggð og útræði sem bera vitni um erfiða lífsbaráttu fyrri tíma. Hjá þjóðgarðinum er lögð áhersla á að tengja saman fræðslu um óblíða en gjöfula náttúruna og líf fólksins sem glímdi við hana. Innan þjóðgarðsins eru þrjár vitar, allir ólíkir og hver öðrum fallegri. Þeir gefa tilefni til vangaveltna um lífsskilyrði manna og baráttu fyrr og nú.

Margir fyllast sérstakri tilfinningu í nærveru vitanna; finnst þeir heillandi mannvirki sem veita birtu og öryggi. Starfsmönnum þjóðgarðsins fannst við hæfi að vitarnir yrðu hluti af verkefninu „Ljóð í náttúru“ sem er samstarfsverkefni þjóðgarðsins og sjávarransóknarsetursins Varar í Ólafsvík. Verkefnið er styrkt af Menningarráði Vesturlands. Hugmyndin að baki verkefninu er að tengja saman menningu og náttúru. Vör lét setja ljóð á filmur sem settar voru á rúður setursins og efndi til ljóðasamkeppni á meðal grunnskólanema og tengdust ljóðin hafinu. Fyrir þjóðgarðinum vakir að fólk fari út í náttúruna og geti lesið þar valin ljóð sem hæfa viðkomandi stað þó þau séu ekki endilega um staðinn sjálfan. Vitarnir eru fyrstu staðirnir í þjóðgarðinum þar sem ljóðaskilti eru sett upp. Athöfn var við Öndverðarnesvita þar sem Cýrus Danéliusson afhjúpaði fyrsta skiltið en Cýrus þekkir Öndverðarnes vel og dvaldi þar um hríð sem barn. Börn úr 4. bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar lásu síðan upp öll ljóðin sem sett voru á vitana. Á Öndverðarnesvita var sett skilti með stökum eftir Jón Jónsson, formann og hreppstjóra frá Hellissandi, á Skálasnagavita má lesa ljóðið „Undir Svörtuloftum“ eftir Davíð Stefánsson og á Malarrifsvita er annað ljóð eftir Davíð, „Brennið þið vitar“.

Ljóðaverkefnið er skemmtilegt verkefni sem ekki er lokið. Þjóðgarðurinn á eftir að velja fleiri ljóðaskiltum stað og unnið er að því að gera bækling þar sem fram koma heiti ljóðanna, staðsetning og eftir hvern þau eru. Síðan er það hvers og eins að fara á staðinn og lesa ljóðið úti í náttúrunni. (GG)



Cýrus Danéliusson ásamt börnum úr 4. bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar við Öndverðarnesvita

VIÐBURÐASJÓÐUR - SAIL HÚSAVÍK 2011

Dagana 16.-23. júlí 2011 verður haldin strandmenningarhátíð sem kallast Sail Húsavík. Þetta er norræn hátíð með áherslu á menningu strandbyggða við Atlantshaf. Til þess að auðvelda þeim sem hafa eitthvað sérstakt fram að færa hefur verið ákveðið að stofna svokallaðan Viðburðasjóð þar sem þátttakendur geta sótt um verkefnastyrki. Verkefni geta verið að ýmsum toga, t.d. myndlist, leiklist, tónlist og smíðjur. Þau verkefni hafa forgang sem snúast um strandmenningu eða siglingar á einhvern hátt og eru umhverfisvæn í eðli sínu.

Umsóknum um styrki að upphæð frá 10.000 til 50.000 skal fylgja lýsing á verkefninu og tímasetningar ásamt upplýsingum um aðstandendur. Hámark ein síða. Umsóknum um styrki að upphæð 100.000.- skal að fylgja greinargóð lýsing á verkefninu með tímasetningum, fjárhagsáætlun og upplýsingar um aðstandendur.

Nánari upplýsingar veitir Vilborg Arna Gissurardóttir (info@sailhusavik.is) verkefnastjóri Sail Húsavík og umsóknir þurfa að berast 1. apríl. Áætlað er að ákvarðanir liggi fyrir 14 dögum síðar.